

## Áskorun til stjórnar Skógræktarfélags Reykjavíkur.

**Samþykkt á aðalfundi Félags landnema á Fellsmörk þriðjudaginn 24. maí 2016.**

Félagsmenn Skógræktarfélags Reykjavíkur, sem eru með lönd á leigu frá félaginu í Fellsmörk, skora á stjórn félagsins að standa við samkomulag sem gert var við landnema árið 2001 um að þeir fengju allir leigusamninga samkvæmt leigusamningi frá árinu 2001. Samningur þessi, sem stundum er kallaður tegund 4, var niðurstaða nokkurra ára vinnu þar sem allir eldri leigusamningar voru samræmdir í einn samning. Jafnframt er hvatt til að vinnu við nýjan leigusamning verði hraðað en formaður Félags landnema á Fellsmörk afhenti framkvæmdastjóra og stjórnarformanni SR tillögu í apríl 2009.

Fundarmenn lýsa vonbrigðum sínum með að farið sé að leggja nýjan og breyttan samning fyrir landnema, sem eru án samninga eða þurfa að endurnýja leigusamninga, án samráðs við stjórn félags landnema. Samningar þessir eru ekki í fullu samræmi við fyrrgreinda samninga sem samstaða var um og er landnemunum skv. hinum nýja samningi þar gert að greiða breytilega leigu samkvæmt lið 2, sem er umfram þá leigu sem ákvörðuð var í upphaflegum leiguskiðmálum og hljóðaði svo:

*“Landnemi skal og greiða Skógræktarfélaginu fyrirfram árgjald kr. 15.000,- á gjalddaga 15. mars ár hvert, fyrir hverja landspildu sem hann hefur afnotarétt af, sem skal bundið byggingavísitölu, til hækkunar eða lækkunar, í fyrsta skipti 1. janúar 1989. Árgjaldinu skal Skógræktarfélag Reykjavíkur ráðstafa m.a. í sameiginlegan kostnað við viðhald og endurbætur girðinga og mannvirkja, umsjón á svæðinu og greiðslu leigugjalds.”*

Tilvitnað ákvæði hins nýja og breytta samnings skv. lið 2 hljóðar svo:

*„Reynist kostnaður af framkvæmdum vegna sameiginlegra þarfa nema hærrí fjárhæð en sem nemur samanlögðu árgjaldi landnema í Fellsmörk er Skógræktarfélaginu heimilt að ákvarða viðbótargjald á landnema til að mæta þeim kostnaði hverju sinni.“*

Þetta ákvæði verður ekki túlkað öðruvísi en sem opin ávísun á þá félagsmenn Skógræktarfélags Reykjavíkur sem eru með lönd á leigu í Fellsmörk og samningar þessir kunna að taka til. Landnemar hafa staðið við skuldbindingar sínar skv. leigusamningum að fullu með greiðslu stofngjalds og leigu og hafa margir hverjir eytt ómældum tíma og fjármunum undanfarin 27 ár í að rækta svæðið upp. Óhjákvæmilega hljóta að vakna spurningar eins og hvað eru sameiginlegar þarfir, hver ákveður þær og við hvaða tímabil skal miða? Ljóst er að sum árin getur kostnaður verið meiri en leigugjöld og önnur ár getur hann verið minni.

Telja verður að auknir tekjumöguleikar liggi frekar í stofngjaldi og útleigu á þeim u.þ.b. 30 löndum sem ekki eru setin eða eru ekki lengur í útleigu vegna þess að einstaka leigutakar hafa einfaldlega gefist upp á samskiptum við félagið.